

## 4. BEKKUR skólaárið 2024 – 2025

Kennari: Jónína Margrét Sævarsdóttir

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákn, tóna, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflíð, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Listir og verkþekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnu vettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í list- og verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms. List- og verkgreinar skiptast í tónmennt, sjónlistir og sviðslistir.

**Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennnt og heimilisfræði.**

**Kennt verður 2x2 kennslustundir á viku, fimmtung úr skólaári.**

| Viðfangsefni                                 | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti:                                                                                                                                                                                  | Námsefni             | Námsmat       |
|----------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|---------------|
| Efni/áhöld og umgengni í myndm.stofunni.     | - útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.                                                                                                                                     | Verkefni frá kennara | Leiðsagnarmat |
| Möppugerð, stafagerð og myndskreyting, litun | -nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.                                                                                                   |                      |               |
| Íslenski húsdýr, umhverfi, teikning, litun   | -unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.<br><br>-þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins. |                      |               |
| Leirmótun, grunnform                         | - þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni,                                                                                                                        |                      |               |